

**Sp. 463. Tillaga til þingsályktunar [235. mál]**

um gerð áætlunar um skipulag loðdýraræktar.

Flm.: Björn Dagbjartsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fullvinna og hrinda í framkvæmd áætlun um skipulag loðdýraræktar með hliðsjón af hagkvæmni í fóðuröflun, bústærð og stofnkostnaði.

**G r e i n a r g e r ð .**

Sá atvinnuvegur, sem hvað mest hefur vaxið á undanförunum árum, er loðdýrarækt. Eldi loðdýra er þó engan veginn nýtt í búskap á Íslandi. Þannig var refarækt nokkuð algeng á árunum um og fyrir heimstýrjöldina síðari og minkabú risu upp og lögðust af á árunum eftir stríðið. Aftur hófst minkarækt fyrir 1970, dróst mjög saman síðar en lognaðist þó aldrei út af. Uppgangur þessa atvinnuvegar hófst fyrir alvöru um 1980 og síðan hefur atvinnugreinin vaxið hratt. Í árslok 1981 voru loðdýrabúin um 30, snemma árs 1983 voru þau orðin yfir 100 og á s.l. ári töldust loðdýrabændur hátt í 200.

Það er eðlilegt að spurt sé hvað hefur valdið erfiðleikum loðdýraræktar hérlendis fyrr á árum. Mikil vitneskja um þessa búgrein liggur fyrir í nágrannalöndunum. Í fjölríti RALA nr. 112 vorið 1985 er að finna vísi að heilsteyptri þróunaráætlun fyrir loðdýrarækt, grunn sem tvímælalaust væri hægt að byggja á til sköpunar arðvænlegs atvinnuvegar í stað þeirra

tilviljanakenndu ákvarðana sem nú virðast ríkjandi. Það er vitað að ferskt, næringarríkt og rétt samsett fóður er eitt allra þýðingarmesta atriðið fyrir velgengni loðdýrabúa. Enn fremur er fóðurstofnaður ráðandi um afkomu búanna. Mikilvægustu áhrifaþættir í fóðurverði eru stofnkostnaður fóðurstöðva, framleiðslumagn og flutningskostnaður, þ.e. vegalengd frá fóðurstöð að búi. Hráefni til fóðurgerðar, fyrst og fremst fiskúrgangur, er enn sem komið er ódýrara hér heldur en í nágrannalöndunum, en fóðrið komið til loðdýrabóndans er víða orðið álíka dýrt og þar!

Það er ekki fyrirsjáanlegt að fiskúrgangur til fóðurgerðar á Íslandi þverri á næstunni þó að loðdýrafjöldinn margfaldist á næstu árum eins og ýmislegt bendir til. Þar með er ekki sagt að hann sé alls staðar jafnaðgengilegur. Það ætti því að tilheyra uppbyggingu loðdýraræktar, og fiskeldis reyndar líka, að nýting á fiskúrgangi til fóðurgerðar sé skipulögð jafnframt. Sums staðar er nær allur úrgangur fiskvinnslustöðva, eins og t.d. við utanverðan Eyjafjörð, nýttur til loðdýrafóðurs. Þá er í undirbúningi reglugerð sem skyldar frystitogara, sem vinna afla á sjó, til að hirða allan úrgang. En vissulega fer langstærstur hluti úrgangs frá fiskvinnslu enn forgörðum eða er nýttur í fiskmjöl sem ekki skilar nema broti af því verðmæti sem loðdýraræktin skapar úr sama magni fiskúrgangs.

Staðarval fyrir loðdýrabú er einnig mjög þýðingarmikið að ýmsu öðru leyti. Loðdýrabændur þurfa að styðjast hver við annan eins og aðrir bændur. Loðdýrin þurfa kyrrð og ró, einkum um gottímann. Mörg dæmi eru um stórtjón af völdum truflunar af umferð í lofti og á landi vegna nálægðar loðdýrabúa við umferðaræðar.

Þá eru það byggingar og búr fyrir loðdýr. Það er vitað hvernig byggingar henta á Norðurlöndum, en er það víst að gömul fjós og fjárhús henti svo vel? Um öll þessi atriði er til nokkur vitneskja, en hefur hún verið nýtt? Arið 1982 var t.d. skipuð nefnd til að vinna að skipulagi, uppbyggingu og fjármögnun fóðurstöðva. Lítið er vitað um tillögur þeirrar nefndar og enn er starfshópur að gera úttekt á málefnum. Svo mikið er víst að enn eru byggðar fóðurstöðvar, sín með hverju móti, skipulagslítið og af vanefnum. Afleiðingin verður of dýrt og ekki nógu vandað fóður. Alltof fáir vita nokkuð um það hvernig fóður á að vera samsett. Forráðamenn fóðurstöðva hafa sjaldnast haft aðstöðu til að afla sér þekkingar í fóðurfræði, flutninga- og geymsluvandamál eru leyst jafnóðum og þau koma upp; málunum bjargað á staðnum án skipulags.

Lánafyrirgreiðslan við loðdýraræktina hefur hingað til miðast við lán út á lífdýr. Þó er takmarkað hve mörg dýr hver búandi má hafa. Það er minna spurt um það hvar búíð er, hvort það getur aflað sér fóðurs, hvernig húsakynnin eru, hvort það hefur yfirleitt nokkurn möguleika á að standa undir sér. Á meðan eru fóðurstöðvar sveltar hvað fjármagnsfyrirgreiðslu varðar og lítið hugsað um það hvort þær geta borið sig heldur. Sumar hafa afskaplega lítinn markað en auðvitað þarf lágmarksframleiðslu til að standa undir stofnkostnaði og mannhaldi.

Hvað viðvíkur fjármagnsfyrirgreiðslu var þó á s.l. ári gert ýmislegt til að þoka málum loðdýraræktar og fóðurstöðva áleiðis. Má þar nefna ákvæði í fjárlögum um niðurfellingu tolla og söluskatts af efni og vinnu til uppbyggingar atvinnugreinarinnar og svo auðvitað ákvæðin í lögum um framleiðslu, sölu og dreifingu á landbúnaðarvörum, um ráðstöfun fjár, sem farið hefur til útflutningsbóta, til uppbyggingar nýrrar atvinnustarfsemi í sveitum. Með breytingunni á jarðræktarlögunum var loðdýrarækt enn fremur veittur aukinn stuðningur.

Til þess að tryggja að það aukna fé, sem ætlað er til þessarar atvinnugreinar, komi að fullum notum og verði að því gagni sem löggjafinn hefur ætlast til þarf að hyggja sem gerst að öllum þáttum í skynsamlegri uppbyggingu loðdýraræktarinnar.